

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 5/98
frá 30. janúar 1998**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/96 frá 26. mars 1996⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 97/C 194/03 frá 17. júní 1997 um notkun fjarvirkni við flutninga á vegum, einkum að því er varðar rafræna innheimtu gjalda⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 86. lið (ályktun ráðsins 95/C 264/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„87. **397 Y 0625(01)**: Ályktun ráðsins 97/C 194/03 frá 17. júní 1997 um notkun fjarvirkni við flutninga á vegum, einkum að því er varðar rafræna innheimtu gjalda (Stjtið. EB nr. C 194, 25. 6. 1997, bls. 5).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 124, 23. 5. 1996, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 23, 23. 5. 1996, bls. 71.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 194, 25. 6. 1997, bls. 5.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 97/C 194/03 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner